

19 febrúar 2003

JAK/18-03

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Þingmál 552, 128. þing, 2002-2003**

**Frv. um breytingu á lögum nr. 68/2000 um rannsóknarnefnd sjóslysa**

Almennt horfa breytingartillögur frumvarpsins til bóta. Þó þykir ástæða til að vekja máls á eftirfarandi atriðum.

**2. mgr. 1. gr. frumvarpsins, tillaga að nýrri 4. mgr. laganna um aðsetur nefndarinnar.**

Athygli vekur að þetta er eina ákvæði frumvarpsins sem ekki er rökstutt sérstaklega í athugasemdum með frumvarpinu. Gefur sú staðreynd tilefni til að halda að höfundar frumvarpsins hafi ekki fundið haldbær rök fyrir tillögunni, enda ekki von þar sem hagkvæmni og skilvirknisjónamið virðast helst hníga til þess að aðsetur nefndarinnar væri best komið í höfuðborg landsins.

Þegar látið er undir höfuð leggjast að rökstyðja aðsetur nefndarinnar, en jafnframt áréttuð heimild ráðherra að breyta staðsetningunni, virðist boðið heim hættunni á að nefndin verði á stöðugum flutningi án rökstuðnings en t.d. með hliðsjón af því úr hvaða kjördæmi ráðherra kemur.

**2. mgr. 4. gr. frumvarpsins, tillaga að nýrri 5. mgr. laganna um rannsókn án tengingar við slys.**

Rökstuðningur fyrir tillögunni í athugasemdum með frumvarpinu er sannfærandi. Rétt er að vekja athygli á að taka þarf af tvímæli um að niðurstöður rannsókna nefndarinnar skv. ákvæðinu lúti eftir atvikum ákvæðum 14. gr. laganna um birtingu.

Virðingarfyllt

HF. EIMSKIPAFÉLAG ÍSLANDS



Jóhann Ármann Karlsson